

Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sörlaskjól og Faxaskjól.

Góðan dag,

Undirritaðir í stjórn íbúaráðs Vesturbæjar leggja til að fallið verði frá fyrirhugaðri framkvæmd eins og hún er lögð fram í tillögunni. Teljum við umfang hennar ónauðsynlegt og að hún uppfylli ekki markmiðslýsingu sem kemur fram í framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um vistvænni samgöngur.

Gerð göngu- og hjólastíga eins og skipulagstillagan gerir ráð fyrir leggur undir sig óraskað svæði sem er nú þegar mikið notað til útivistar og leikja. Á svæðinu eru nú þegar gangstéttir og þar er ekkert sem hamlar för fólks, hvort sem það er hjólandi eða gangandi.

Teljum við að hjólastígur frá Ægissíðu að Seltjarnarnesi meðfram Ægissíðu/Nesvegi væri lausn sem gæti hentað betur og þar er nægilegt pláss frá götu að lóðarmörkum. Hjólastígur þessi kæmi í beinu framhaldi af hjólastíg við Ægissíðu og tengist beint við hjólastíga á Nesvegi á Seltjarnarnesi.

Einnig mætti gera Faxaskjól og Sörlaskjól að vistgötum til þess að þær nýtist betur fyrir virka samgöngumáta. Nú þegar er lítil umferð um þessar götur, upplýstar gangstéttir sem eru mikið notaðar og er aðgengilegar öllum.

Með vinsemd og virðingu,

Birgir Þ Jóhannsson, formaður
Salvör Ísberg
Björn Karlson

Ekki náðist í tæka tíð í hina í ráðinu.